

Nd.

922. Breytingartillaga

[77. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Bjarna Guðnasyni, Eyjólfí K. Jónssyni,
Garðari Sigurðssyni og Jónasi Jónssyni.

2. gr. orðist svo:

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, 17 ára og yngri (sbr. 3. málgr. 6. gr. laga nr. 100/1952), taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, sem samþykkt er af dómsmálaráðuneyti. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því, að ráðuneytið gefur út bréf um, að hlutaðeigendur öðlist íslenzkt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn.

Ákvæði 1. málgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga, sem fá íslenzkt ríkisfang samkvæmt 2.—4. gr. laga nr. 100/1952.